



Skriffæri úr greinum

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Nemendur finna efni í skriffæri úr trjágreinum og kynna íslenskum viðartegundum og meðferð efni frá skógi til skólastofu. Nemendur ákveða lengd og lög skriffærisins, snyrta og skreyta. Verkefnið þjálfar leikni í vali á aðferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna.

Námsgreinar: Smíðar, lífsleikni, náttúrufræði, saga, list- og verkgreinar.

Aldur: Yngsta, mið- og elsta stig.



VERKLÝSING

Verkefnið er kynnt með sýnishornum, nemendum bent á mismunandi útfærslur og leyft að velja sér útfærslur og efni með því að sækja sér grein í skóg eða á skólalóð. Ef efnið hefur þegar verið grisjað og liggur í haug geta þau sjálf sótt sér það með klippum.

Auðvelt er að hola ylligreinar að innan vegna þess hversu mergurinn er laus en annars má nota birki, reyni, furu, greni, ösp og víðitegundir eins og t.d. viðju, gulvíði, loðvíði og selju. Lengdin helgast af smekk hvers og eins en 10-20 cm er venjuleg lengd skriffæra. Um er að ræða ferskt efni sem síðan er látið þorna eftir vinnslu. Ekki þarf að gera sérstakar ráðstafanir við þurrkunina þar sem greinar þorna fljótt og jafnt og í þessu tilliti er búið að opna kjarnann svo mesta spennan er farin úr greininni.

Takist nemendum að hreinsa börkinn af án þess að rispa greinina eða skera í þarf e.t.v. ekki að pússa hana en þess þarf þá að gæta að fara ekki með tálguhnífinn á pennann eftir að fyllingin hefur verið sett í hann. Hægt er að setja margs konar fyllingar, t.d. lit- eða kúlupennafyllingar, eða nota aðeins oddinn sem síðan er dýft í blekbyttu. Þá ræðst breiddin á skriftinni af gerð oddsins, hvort hann er grannur eða breiður.

Nemendur ákveða sjálfir form og lögun pennans og notagildi. Af því ræðst hvort og hversu mikið þeir afberkja og skreyta gripinn en ætlast er til að penninn sé gerður sem eigulegastur og beri persónulegan vott viðkomandi nemenda. Skreyta má pennann í tálguninni, með því að brenna í hann munstur eða myndir og mála eða lita. Einnig má bora gat í gegnum endann svo hægt sé að setja í hann leðuról eða band svo hnýta megi hann við dagbók eða hengja upp. Þá má auðvitað hugsa sér að búa til sérstakan stand fyrir pennann og gera hann eigulegri sem gjöf eða til eigin nota.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Nemendur læra hvernig forfeður þeirra urðu að búa sér til sín eigin skriffæri, þ.e. sjálfblekung, og búa til sinn eigin nytjahlut.

Vasahnífur, barkarskafa, klippur, sagir, tálguhnífur, sandpappír og brennipenni. Handbor eða grannur, langur bor í borvél til að hola greinina. Lakk, vax eða olía til yfirborðsmeðhöndlunar.

Nota má grannar 1-2 cm sverar greinar úr hvaða trjátegund sem er.

Námsefni: Skógurinn og nýting hans - Námsgagnastofnun 2001, Lesið í skóginn - tálgað í tré - Garðyrkuskólinn 2002 o.fl.